

Mánudaginn 26. október 1987.

Nr. 193/1986. **Kolbrún Viggósdóttir**

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

gegn

Jóni Ó. Ragnarssyni

(Haraldur Blöndal hrl.)

Bifreiðar. Skaðabætur. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. júní 1986. Dómkröfur áfrýjanda eru þessar:

„Að stefnda verði gert að greiða kr. 82.455,00 með 19% ársvöxtum frá 21/4 1975 til 31/7 1977, 20% p.a. frá þ.d. til 20/11 s.á., 23% p.a. frá þ.d. til 20/2 '78, 26% p.a. frá þ.d. til 31/5 '79, 34,5% p.a. frá þ.d. til 31/8 s.á., 39,5% p.a. frá þ.d. til 30/11 s.á., 43,5% p.a. frá þ.d. til 30/5 '80, 46% p.a. frá þ.d. til 28/2 '81, 42% p.a. frá þ.d. til 30/5 s.á., 39% p.a. frá þ.d. til 31/10 '82, 47% p.a. frá þ.d. til 20/9 '83, 39% p.a. frá þ.d. til 20/10 s.á., 36% p.a. frá þ.d. til 20/11 s.á., 32% p.a. frá þ.d. til 20/12 s.á., 25% p.a. frá þ.d. til 20/1 '84, 19% p.a. frá þ.d. til 1/1 '85, 24% p.a. frá þ.d. til 21/5 s.á., með dómvöxtum skv. lögum nr. 56, 1979 frá þ.d. til 14/4 '87 en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags.

Þess er krafist að áfrýjanda verði heimilað að færa vexti upp á höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 21.04. 1976.

Krafist er málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.“

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt fortakslausu orðalagi 78. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eiga fyrningarreglur þeirrar greinar við bótakröfu þá, sem áfrýjandi hefur uppi í máli þessu. Mat á varanlegri örorku áfrýj-

anda af völdum þess slyss, sem í málinu greinir, lá fyrir í febrúarmánuði 1977. Er því ljóst, án þess að skera þurfi úr um upphaf fyrningarfrests að öðru leyti, að fyrningarfrestur bótakröfu áfrýjanda var hafinn í ársbyrjun 1978. Var krafa áfrýjanda því fyrnd, er mál þetta var höfðað 18. apríl 1985. Verður heldur ekki fallist á, svo sem haldið var fram af hálfu áfrýjanda hér fyrir dómi, að greiðsla Almennra Trygginga h/f hinn 20. mars 1985, á bótum til áfrýjanda vegna umrædds slyss, hafi getað rofið fyrningu á bótakröfu áfrýjanda á hendur stefnda.

Samkvæmt því, er að framan greinir, ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Áfrýjandi greiði stefnda 30.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kolbrún Viggósdóttir, greiði stefnda, Jóni Ó. Ragnarssyni, 30.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. apríl 1986.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 14. þ.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu birtri 18. apríl 1985 af Kolbrúnu Maríu Viggósdóttur, nnr. 5671-1341, Hrisholti 9, Garðabæ, gegn Jóni Óðni Ragnarssyni veitingamanni, Seljurgerði 12, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru að stefnda verði gert að greiða kr. 82.455,00 með 19% ársvöxtum frá 21.4. 1975 til 31.7. 1977, 20% frá þeim degi til 20.11. s.á., 23% frá þeim degi til 20.2. 1978, 26% frá þeim degi til 31.5. 1979, 34,5% frá þeim degi til 31.8. s.á., 39,5% frá þeim degi til 30.11. s.á., 43,5% frá þeim degi til 30.5. 1980, 46% frá þeim degi til 28.2. 1981, 42% frá þeim degi til 30.5. s.á., 39% frá þeim degi til 31.10. 1982, 47% frá þeim degi til 20.9. 1983, 39% frá þeim degi til 20.10. s.á., 36% frá þeim degi til 20.11. s.á., 32% frá þeim degi til 20.12. s.á., 25% frá þeim degi til 20.1. 1984, 19% frá þeim degi til 1.1. 1985, 24% frá þeim degi til 21.5. s.á. en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Stefnandi krefst vaxtavaxta, þannig að heimilt sé að færa vexti upp á höfuðstólinn árlega, í fyrsta skipti 21.4. 1976.

Stefnandi krefst og málskostnaðar að skaðlausu og dómvaxta af málskostnaði frá aðfararhæfi dóms.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara að hann verði einungis dæmdur til að greiða

hluta hinnar umstefndu fjárhæðar. Hann krefst málskostnaðar úr hendi stefnanda hvernig sem málið fer skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefnandi byggir kröfu sína á hendur stefnda á því að hann hafi valdið sér skaða með því að aka bifreiðinni R-16444, Mercedes-Benz fólksbifreið, aftan á bifreið hennar, G-8621 Volvo Amazon fólksbifreið, á Skúlagötu um kl. 15:00 mánudaginn 21. apríl 1975. Hún byggir kröfu sína á almennu skaðabótareglunni, sbr. 69. gr. 3. mgr. umferðarlaga, þar sem stefndi hafi ekið bifreið sinni vestur Skúlagötu á vinstri akrein, nokkuð greitt að eigin sögn, og hafi bifreið hans lent aftan á bifreið hennar þar sem hún hafi numið staðar nokkru áður á sömu akrein og beðið færís að aka suður Vatnsstíg. Stefndi hafi viðurkennt að hafa séð bifreið hennar stansa fyrir framan sig, hann hafi hemlað en það hafi ekki nægt og hann hafi ekki getað sveigt frá bifreiðinni vegna umferðar til beggja hliða. Stefnandi hafi við árektsturinn fengið mikinn hnykk á háls og höfuð, svokallað „whiplash“, og hafi Björn Öundurson tryggingayfirlæknir metið örorku hennar 100% í 2 mánuði, 50% eftir það í 2 mánuði, 25% eftir það í 2 mánuði, og varanlega 5%, í mati sínu sem dagsett sé 7. febrúar 1977.

Á þessum tíma hafi stefndi haft bifreið sína ábyrgðartrygðá hjá Almennum Tryggingum hf., og hafi váttryggingarfjárhæð verið kr. 6.000.000,00 á slysdegi. Að beiðni lögmanns stefnanda hafi Þórir Bergsson cand. act. reiknað örorkutjón hennar á grundvelli örorkumats Björns Öundursonar læknis hinn 15. janúar 1985. Tryggingafræðingurinn hafi beitt tveimur aðferðum eftir því hvort notaðir séu samsettir vextir eða einfaldir vextir frá slysdegi, kr. 35.429,00 eða kr. 70.810,00. Stefnandi hafi þá krafist tryggingafélagið um bætur, og hafi félagið greitt váttryggingarfjárhæðina, kr. 60.000,00, ásamt vöxtum í 4 ár, samtals kr. 130.994,00, auk lögmannspóknunar, hinn 20. mars 1985. Stefnandi hafi þá talið enn óbætt tjón sitt vegna örorku kr. 30.000,00 auk miskabóta og hafi krafist stefnda um kr. 60.000,00 með bréfi dags. 27. mars 1985, en án árangurs.

Stefnandi tekur fram, að þótt nærri 10 ár hafi liðið frá slysdegi til stefnubirtingar séu kröfur þessar á hendur stefnda ófyrndar sbr. 4. gr. 2. tl. laga nr. 14/1905, þar sem 4 ára fyrning 78. gr. umferðarlaga eigi ekki við. Hér sé ekki byggt á skaðabótareglu umferðarlaga heldur á almennu skaðabótareglunni og um kröfur samkvæmt henni gildi 10 ára fyrning. Enginn ágreiningur sé um að stefndi hafi valdið slysinu með ógætilegum og of hröðum akstri bifreiðar sinnar og beri hann því alla ábyrgð á tjóni stefnanda.

Stefndi styður sýknukröfu sína í fyrsta lagi með því að benda á að krafa stefnanda sé fyrnd sbr. 78. gr. umferðarlaga. Þar segi að allar kröfur skv. bótakafli umferðarlaganna, þar með taldar kröfur vegna almennra skaðabótareglna, fyrnist á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs er kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu

hennar. Örorkumat stefnanda hafi legið fyrir 7. febrúar 1977, og hafi kröfur á því byggðar því fyrnst um áramótin 1981 - 1982. Þessu hafi verið slegið föstu m.a. í dómi Hæsataréttar 1976, bls. 14. Stefndi bendir á að stefnandi hefði ljóslega fengið fullar bætur af váttryggingu bifreiðarinnar ef hún hefði leitað fullnustu kröfu sinnar á réttum tíma, en verðbólgan hafi síðan lækkað váttryggingarfjárhæðina. Stefndi hafi sjálf lýst því hér fyrir dómi að hún hafi verið óánægð með að varanleg örorka hennar hafi eingöngu verið metin 5%, en hún hafi þó ekkert gert til þess að fá því breytt, en látið tímann líða þar til váttryggingarfjárhæð dugði ekki lengur fyrir bótakröfu hennar. Fyrningarregla 78. gr. umferðarlaga gildi jafnt um kröfur byggðar á almennu skaðabótakröfunni sem öðrum kröfum sem stafi af notkun ökutækja. Ekki sé unnt að skilja tjón skv. almennu skaðabóta-reglunni sem stafi af notkun vélknúins ökutækis frá öðrum tjónum og segja að það fari ekki eftir umferðarlögum, eins og stefnandi vilji hér gera. Stefndi hafi sjálfur sótt bætur til váttryggjanda bifreiðarinnar á þeim forsendum að tjónið væri váttryggingarskytt skv. umferðarlögum, en með sömu rökum sé ljóst að bótakröfur hennar fari eftir umferðarlögum. Annars væru bæturnar sóttar til váttryggjandans á fölskum forsendum.

Í öðru lagi bendir stefndi á að stefnandi hafi í raun þegar fengið tjón sitt bætt að fullu. Tjón hennar hafi verið reiknað kr. 70.810,00 í janúar 1985 og með venjulegum frádrætti vegna hagræðis af eingreiðslu sé ljóst að greiðsla váttryggjanda á kr. 60.000,00 með vöxtum og kostnaði hafi meira en greitt tjónið.

Í þriðja lagi bendir stefndi á að ósannað sé af stefnanda hálfu að örorka hennar sé fébótaskyld afleiðing af árekstrinum 21. apríl 1975, þannig að stefndi beri þar ábyrgð á, og almennt tómlæti stefnanda valdi því að hún eigi nú engar kröfur á hendur stefnda.

Niðurstaða:

Í 78. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er sérstakt fyrningarákvæði um að allar bótakröfur samkvæmt VI. kafla laganna um fébótaábyrgð og váttryggingu fyrnist á fjórum árum, og er upphaf fyrningarfrests lok þess almanaksárs sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Í athugasemdum við frumvarpið, sem fyrst var lagt fyrir Alþingi árið 1956, segir um 78. gr. að hér sé um nýmæli að ræða, og að greinin sé sniðin eftir ákvæðum 29. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 20/1954.

Hin almenna skaðabótaregla, saknæmisreglan, er tekin upp í VI. kafla umferðarlaganna og kemur fram í 68. gr. og 69. gr. þeirra. Í 3. mgr. 70. gr. laganna er og beinum orðum tekið fram að hin lögboðna ábyrgðartrygging taki jafnt til bótakrafna skv. almennum skaðabótareglum eins og til bótakrafna samkvæmt ákvæðum laganna.

Ljóst er af samanburði ákvæða þessa kafla umferðarlaga um bótaábyrgð og váttryggingu að tilgangur þeirra er að tengja saman reglur um fébótaábyrgð og váttryggingu fyrir henni, sérstaklega til verndar þeim sem verða fyrir tjóni af notkun vélknúinna ökutækja. En tjónþolar bera þá skyldu að draga ekki úr hófi fram að gera kröfur sínar þegar tjón hefur orðið, og eru fyrningarákvæði 78. gr. augljóslega sett af þeim sökum. Fjögurra ára fyrningarfrestur er settur til þess að tjónþolar dragi ekki að gera kröfur sínar þeim sjálfum og öðrum til tjóns, og eiga fyrningarákvæði 78. gr. þess vegna við um allar bótakröfur sem nefndar eru á nafn í VI. kafla umferðarlaga, jafnt bótakröfur skv. almennu skaðabótareglunni sem aðrar. Krafa stefnanda á hendur stefnda var því fyrnd í árslok 1981 og verður stefndi þegar af þeirri ástæðu sýknaður af öllum kröfum stefnanda, sem verður gert að greiða honum kr. 25.000,00 í málskostnað.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Jón Óðinn Ragnarsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Kolbrúnar Maríu Viggósdóttur, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 25.000,00 í málskostnað.
